

Nr. 118 / 12 Steinunn HF 108**Fær á sig brotsjó**

Skipaskr.nr. 2763
Smíðaður: Hafnarfirði 2010 plast
Stærð: brl. 15 bt.
Mesta lengd: 12,45 m Skráð lengd: 11,36 m
Breidd: 3,74 m Dýpt: 1,4 m
Vél: Volvo Penta 334,6 kW 2010
Fjöldi skipverja: 2



Steinunn ©Jón Páll Ásgeirsson

Gögn:
Lögregluskýrsla
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 31. maí 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 8. nóvember 2012 var Steinunn HF 108 á siglingu innarlega í Djúpál um 20 sml NV af Rit. Veður: NA 15 m/sek. Sjór 3 m. alda.


Þegar línudrættinum lauk var sjóbúið og haldið til hafnar á hálfri ferð. Skipstjóri sá skyndilega stórt brot rísa á bakborða og áður en hægt var að bregðast við reið það yfir bátinn og lagði hann á stjórnborðshliðina. Við brotið sprakk lestarhlerinn upp og fylgdi því fyrir borð. Línubalar runnu til en sjóbúnaður þeirra hélt en nokkuð af línu fór fyrir borð. Fiskur í lestinni flæddi upp úr öllum körum bakborðsmegin og lagðist í stjórnborðssíðuna. Það sem ekki rúmaðist í lestinni flæddi upp úr henni og fyrir borð.

Skipverjar klæddust björgunarbúningum og fóru út á þilfar til að kanna ástand bátsins. Skipstjórinn kallaði út neyðarkall að skoðun lokinni. Vaktstöð siglinga bað nærstödd skip, Pál Pálsson ÍS 102 og Örfirisey RE 4, að halda til aðstoðar. Örfirisey RE veitti síðan Steinunni HF skjól svo unnt væri að halda áfram siglingunni til hafnar. Björgunarskipið Gunnar Friðriksson fór til móts við Steinunni HF, sem þá naut skjóls af Örfirisey RE, og fylgdi henni til hafnar í Bolungarvík.

Við rannsókn kom fram:

- að eftir miðjan dag var drætti lokið og sjóbúið til heimsiglingar en þá hafði NA-átt vaxið síðan um hádegi. Skipstjóri taldi að veðurspá gerði ráð fyrir að ekki færi að hvesa fyrr en eftir miðjan dag (kl. 15:00);

- að kvöldi 7. nóvember byrjaði Veðurstofan að vara við stormi á Vestfjarðamiðum. Kl. 04:31 var eftirfarandi veðurspá send út frá Veðurstofunni: „A 8-13 m/s. Hvessir um hádegi, 18-25 undir kvöld, en 20-28 seint í kvöld, hvassast á djúpmiðum.“ Veðurspá kl. 09:29, eftir að byrjað var að draga línuna, var svohljóandi: „Vaxandi A-átt, NA 18-25 undir kvöld, en 20-28 um miðnætti hvassast á djúpmiðum“;
- að Tilkynningaskyldu VSS var tilkynnt um brottför Steinunnar HF úr höfn kl. 05:02;
- að á þilfari voru tólf línubalar bundnir í lagningarennu miðskips og aðrir tólf út í bakborðssíðu en sjóbúnaður þeirra hélt. Annar veiðafærabúnaður var í stjórnborðs skuthorni en framan við var átta línubala kippa. Nokkuð af þeirri línu fór fyrir borð og dróst með bátnum;
- að aflinn var í 12 körum í lestinni en þegar báturinn lá á hliðinni tæmdust bakborðskörin. Afli sem landað var við komu til hafnar var 4.794 kg;
- að bátsverjar köstuðu afla yfir til bakborða til að rétta bátinn og tóku inn línuna sem fór fyrir borð;
- að sögn skipstjóra var lestarlúgan skálkuð með „hespum“ (*hjámiðju smellur*) en hespunar á lestar karminum voru ekki allir notaðar til að skálka niður lestarhlerann. Ekki var að sjá neinar skemmdir á hespunum en þar sem hlerinn fór fyrir borð var ekki hægt að skoða hvort mót krókar hafi réttst upp þegar körin undir lögðust á hlerann í veltunni;
- að samkvæmt Norðurlandareglum V-4/1,2 á lestarhleri sem opnaður er til sjós að vera á lömum eða fastur við karminn með keðju;
- að sögn skipstjóra var sett á ferð til lands og ekki slegið af fyrr en sjórinn reið yfir. Samkvæmt ferilskráningu var siglt á átta til tíu hnúta ferð til hafnar kl. 15:35. Brotið reið á bátinn kl. 16:30. Þegar skipverjar höfðu lagað nokkuð til á þilfari og innbyrt línuna var stefna sett undan veðrinu kl. 17:16 og siglt á hægri ferð á meðan verið var að minnka slagsíðuna. Eftir að Örfirisey RE 4 var komin til aðstoðar hlífði hún Steinunni HF fyrir mestu öldunum og kl. 18:04 var aftur sett stefna inn í Ísafjarðardjúp og siglt á hægri ferð til hafnar í Bolungarvík;
- að samkvæmt dagbókarfærslu Örfiriseyjar RE voru skráðir 20 m/s þegar skipið var hjá Steinunni HF.



Nefndarálit:

Orsök óhappsins var slæmt veður. Nefndin telur að veðurspá hafi gefið tilefni til að sigla fyrir í land.

Það er mat nefndarinnar að lokunarbúnaður lestarlúgu hafi ekki verið nægjanlega traustur þrátt fyrir að hann væri í samræmi við reglur.

Tillaga í öryggisátt:

Nefndin beinir því til Siglingastofnunar Íslands að gerð verði rannsókn á eiginleikum báta með sama byggingarlagi og Steinunn HF og niðurstaða hennar borin saman við sambærilega báta, dekkada og/eða full-yfirbyggða.

Það hefur viðgengist að hafa skýlisþil öðrum megin á bátum en þessi þil voru upphaflega stutt framlenging af yfirbyggingum þeirra. Það er mat nefndarinnar að slík þil eftir endilöngu skipi hljóti að hafa áhrif á stöðugleika verði þau fyrir áföllum.